

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrirnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur 24,5%, nema á húshitun, sem er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 4, 2. janúar 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 5. júlí 1991.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 38 31. janúar 1991, um möskvastærðir í
togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.**

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 4. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við úthafs-rækjuveiðar á svæði fyrir Norðurlandi milli 14°V og 18°V skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar. Sama gildir við rækjuveiðar fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 22°V.

Við notkun leggþoka samkvæmt 2. og 3. mgr. er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júlí 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.